



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	MAR23101178 Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um opinberar stofnanir (framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits).
Ráðuneyti	Matvælaráðuneyti/skrifstofa sjávarútvegs
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	16. nóvember 2023

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

A. Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Með frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði á þann veg að ekki verði lengur lögbundið að framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits samkvæmt lögnum og öðrum lögum á sviði ferskvatnsmála skuli vera á sérstöku sviði sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Einnig að fella brott ákvæði um að fiskistofustjóri ráði sviðsstjóra til að stýra því sviði, að hann skuli hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

Þess í stað er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins breytist og verði Stjórnarsýsla og eftirlit. Einnig er lagt til að ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, breytist og verði svohljóðandi: „Framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera hjá Fiskistofu“ og að 2. og 3. másl. ákvæðisins falli brott.

Gert er ráð fyrir að fiskistofustjóri sem stýrir stofnuninni, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, ákveði hvaða svið skuli vera hjá stofnuninni og hvernig þeim skuli stýrt, hver skuli vera heiti stjórnenda þeirra og hvaða verkefni þau fara með. Þannig muni fiskistofustjóri ákveða undir hvaða svið stofnunarinnar stjórnarsýsla og framkvæmd eftirlits á sviði ferskvatnsmála skuli falla.

Með þessu er verið að breyta lögnum þannig að skipulag Fiskistofu sé meira á hennar eigin forræði og að fiskistofustjóri geti sjálfur ákveðið hvernig skipulag er hjá stofnuninni og hagað því á sem árangursríkastan hátt varðandi skiptingu og umfang verkefna.

Engar breytingar verða á tekjum ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum. Fiskistofa mun verða að gera tiltekna skipulagsbreytingar á starfsemi sinni og ákveða hvernig forgangsraða eigi þeim fjármunum sem stofnunin hefur til ráðstöfunar innan fjárveitinga stofnunarinnar.

B. Lög nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Einnig er með frumvarpinu lagt til að breytt verði ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, á þann veg að fellt verði brott ákvæði 2. másl. 1. mgr. 3. gr. um að forstjóri Hafrannsóknastofnunar skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.

Ekki þykir ástæða til að lögbinda að forstjóri skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar heldur þykir rétt að starfsgengisskilyrði forstjóra verði með svipuðum hætti og gildir um aðra forstöðumenn ríkis og stofnana þess og í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins sem birt er á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

Engar breytingar verða á tekjum eða gjöldum ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar er skipaður til fimm ára frá og með árinu 2021 og taka umræddar breytingar því ekki gildi fyrr en skipunartíma hans lýkur og embættið verður auglýst að nýju. Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins? Á ekki við.

C. Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum. Á ekki við.

D. Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg? Á ekki við

E. Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvarar sem geta haft áhrif á útgjaldapróun. Á ekki við

F. Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu. Á ekki við.

G. Tekjubreytingar – Engar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

H. Útgjaldabreytingar – Engar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

I. Eignabreytingar – Engar.

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

J. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

K. Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum Á ekki við.

L. Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál Á ekki við.

M. Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs Á ekki við.

N. Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur Á ekki við.

O. Rekstrarform ríkisstarfsemi Á ekki við.

P. Opinber innkaup og útboð Á ekki við.

Q. Eignaumsýsla ríkisins Á ekki við.

R. Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna Á ekki við.

S. Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara. Á ekki við

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:** -

Engin fjárhagsáhrif.

a) í gildandi fjárlögum

b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs

c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Á ekki við.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Engin ný eða aukin tekjuöflun.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið – Á ekki við.

1. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Þær breytingar sem lagðar eru til munu falla undir það eftirlit sem Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun hafa nú þegar á sviði ferskvatnsmála og sjávarútvegs og hafa því ekki í för með sér aukna reglubyrði.

2. Samkeppnisskilyrði

Með breytingunni er verið að jafna tækifæri strandveiðibáta á mismunandi landsvæðum til sóknar. Hins vegar eru ekki líkur til að breytingin hafi áhrif á fjölda fyrirtækja eða takmarki að öðru leyti samkeppni á markaði.

- Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta) Á ekki við.
- Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja) Á ekki við.
- Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd) Á ekki við.
- Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum) Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Breytingarnar hafa ekki áhrif á fjárhag sveitarfélaga í heild.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög

Á ekki við.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Engin.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Markmið frumvarpsins er að fella brott ákvæði um að stjórnsýsla veiðimála á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar og annarra laga sem varða ferskvatnsfiska skuli vera á sérstöku sviði Fiskistofu, lax- og silungsveiðisviði og að það skuli einnig hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga á því sviði. Einnig er markmið frumvarpsins að fella brott sérstök skilyrði sem gilda um skipun í embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar en að í stað þess muni gilda

almennar reglur um skipun stjórnenda í embætti hjá ríki og stofnunum þess. Ekki liggja fyrir kyngreind gögn um þessi atriði. Til þess að fá heildarmynd af áhrifum frumvarpsins væri hugsanlegt að fara í rannsóknir til þess að afla þessara gagna.

7. Áhrif á lýðheilsu

Engin.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Engin.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri – Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Já.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Engin áhrif

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Engin áhrif

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa áhrif á tekjur, gjöld, afkomu eða efnahag ríkissjóðs.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Engin áhrif

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Með frumvarpinu er stefnt að því að einfalda löggjöf um starfsemi ferskvatnsmála hjá Fiskistofu og einnig ákvæði um menntun forstjóra Hafrannsóknastofnunar og færa efni þessara ákvæði til þess sem almennt gildir um framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits og skipun forstöðumanna hjá ríki og stofnunum þess.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?